

Kennslumálasjóðsverkefni: Akademískir ráðgjafar

Lokaskýrsla, maí 2019

Ný deild á MVS, deild heilsueflingar, íþróttar og tómsstunda (HÍT), hlaut árið 2018 styrk úr Kennslumálasjóði HÍ vegna verkefnisins „Akademískir ráðgjafar“. Markmið verkefnisins var að efla utanumhald og stuðning við námsframvindu og velgengni nemenda í samvinnu við náms- og starfsráðgjöf HÍ (NSHÍ).

Verkefnið var lagt upp þannig að nemendum á fyrsta ári í HÍT-deild var skipt í 10-15 manna hópa og einn kennari leiddi hvern hóp. Formlegir fundir með hverjum hóp voru þrjár en nemendur voru hvattir til að leita til síns akademíska ráðgjafa milli funda. Á fundunum var nemendum sagt frá ýmsum þáttum tengdu þeirra námi og fjölbreyttri þjónustu HÍ sem þeim stendur til boða. Lögð var áhersla á að svara spurningum nemenda, heyra þeirra væntingar og hvernig námið mætti þeirra væntingum.

Á fundum deildarinnar og námsbrautanna var síðan farið yfir það sem fram kom á fundunum með nemendum og brugðist við eftir atvikum. NSHÍ var samstarfsaðili í verkefninu. Fulltrúar NSHÍ komu á fund með kennurum í upphafi til að undirbúa verkefnið og aðstoðuðu við gerð stuðningsefnis fyrir ráðgjafana. Yfir skólaárið gátu síðan bæði kennarar og nemendur leitað eftir ráðgjöf. Til að mæta nemendum sem best var náms- og starfsráðgjafi með fasta viðveru í Stakkahlíð einu sinni í viku.

Verkefnisstjóri sá um að leggja fram tímasetningar fyrir verkhluta, skipta nemendum í hópa, senda ráðgjöfunum stuðningsefni fyrir fundina, kalla eftir fundargerðum, vinna úr niðurstöðum, sjá um greiðslur, stýra mati og skrifa áfanga- og lokaskýrslu. Einnig funduðu verkefnisstjóri og kennari af viðkomandi námsbraut með nemendum á 2. og 3. ári til að fá fram upplýsingar um reynslu þeirra af náminu og hugmyndir um hvernig mætti bæta námið og námsumhverfið.

Það styrkti samstöðu innan nýrrar deildar að vinna sameiginlegt verkefni þar sem hver námsbraut hafði samt svigrúm til að laga að sínum þörfum. Aðkoma NSHÍ að innleiðingu og undirbúningi funda tókst mjög vel og munu þau gögn sem urðu til nýtast áfram. Í upphafi var miðað við að ráðgjafarnir funduðu með nemendum tvisvar á haustmíssi og síðan yrði metið hvort ástæða væri til að halda verkefninu áfram út skólaárið. Í lok haustmíssis var ákveðið að halda verkefninu áfram og boða nemendum á einn fund á vormíssi. Það er niðurstaðan eftir þetta skólaár að hæfilegt sé að hafa tvo fundi á haustmíssi og einn á vormíssi. Einn fundur með öðru og þriðja ári þótti líka hæfilegt. Bæði kennarar og nemendur töldu verkefnið gagnlegt og líklegt til að skila þeim árangri sem að var stefnt. Það sem helst þarf að bæta er úrvinnsla athugasemda. Bregðast þarf við með markvissari hætti þannig að nemendur sjái að skoðanir þeirra skipta máli og að þær eru nýttar til að bæta námið. Það mætti t.d. gera með því að skýra betur aðkomu deildarforseta og námsbrautarformanna að verkefninu því þeir voru í mörgum tilfellum í aðstöðu til að fylgja eftir athugasemdum nemenda. Viðvera NSHÍ í Stakkahlíð var talin til mikilla bóta og brýnt að áfram verði boðin slík þjónusta fyrir alla nemendur við MVS.

MENNTAVÍSINDASVIÐ

Óskað er eftir því að loka greiðsla verði greidd. Jafnframt er óskað eftir heimild til að nýta þá fjármuni sem ónotaðir eru af styrknum til að endurtaka verkefnið á næsta skólaári og þróa það áfram með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur.

Nemendahópar

Níu kennarar tóku þátt í verkefninu og sá hver kennari um einn hóp. Nemendum var sagt frá verkefninu á fyrsta skóladegi um leið og vakin var athygli á þjónustu NSHÍ. Hver kennari sendi síðan sínum hópi fundarboð með tölvupósti þar sem fram kom hvar og hvenær yrði fundað og hver yrðu helstu viðfangsefni fundarins. Miðað var við að fundirnir stæðu ekki lengur en eina klst. Hjá þeim námsbrautum sem bjóða fjarnám var miðað við að hafa fundina í staðnámsviku og á tíma sem féll vel að stundatöflu. Eftir hvern fund sendi kennari verkefnisstjóra stutta fundargerð þar sem fram kom hve margir mættu og hvað var helst rætt. Helstu niðurstöður voru síðan ræddar í kennarahópnum. Á síðari fundi haustmísseris voru nemendur spurðir hvað þeim fannst um verkefnið og í lok mísserisins safnaði verkefnisstjóri saman viðhorfum þeirra kennara sem tóku þátt í verkefninu.

Niðurstaða

*Það jók samstöðu nýrrar HÍT-deildar að taka þátt í sameiginlegu verkefni sem jafnframt var verið að þróa. Þann þátt mætti samt styrkja enn frekar með því að stýra betur markvissum umræðum um verkefnið og sameiginlega þætti þess á deildarfundum.

*Kennararnir töldu verkefnið vera jákvæðan stuðning við nemendur sem eru að fóta sig í nýju umhverfi.

*Það reyndist vel að hafa einn hópfund á vormísseri.

*Í ljós kom að fundarboð til nemenda með tölvupósti skiluðu sér illa. Þátttaka var betri ef fundartíminn féll vel að stundatöflu nemenda og eins gafst vel þegar kennarar fóru í tíma og hvöttu nemendur til að mæta. Skiptar skoðanir voru meðal kennara um hvort auglýsa ætti fundi akademísku ráðgjafanna með því að fara í tíma. Sumum þótti það þrýsta um of á að nemendur kæmu á fund en mikilvægt væri að nemendur væru að sækja fundinn af innri áhuga.

*Fundargerðir af fundum skiluðu sér mishratt til verkefnisstjóra og var því ekki alltaf hægt að ræða niðurstöður allra fundanna strax að þeim loknum.

*Ýmislegt lærdómsríkt kom fram á fundunum sem nýtt hefur verið og verður notað í tengslum við uppbyggingu námsins. Á fundunum komu einnig fram athugasemdir nemenda við tiltekin námskeið eða kennslu og var í sumum tilfellum erfitt að bregðast við þeim.

*Fundir með nemendum á 2. og 3. ári voru lærdómsríkir. Á einum slíkum fundi var formaður námsbrautar ásamt verkefnisstjóra og reyndist það mjög árangursríkt.

*Spyrja þarf nemendur um afstöður þeirra til verkefnisins í lok seinni fundarins á haustmísseri og einnig þarf í framhaldi af því að ræða gagnsemina á deildarfundum

MENNTAVÍSINDASVIÐ

Næstu skref

*Finna þarf leiðir til að ná enn betur til nemenda. Ein leið væri að tengja verkefnið við valin inngangsnámskeið þannig að boða mætti fundina með því að senda tilkynningu frá námskeiðsvef og tengja það þannig betur við námið. Einn kennari var búinn að ákveða tíma fyrir báða haust fundina í upphafi og gat því sagt nemendum á fyrsta fundi hvenær næsti fundur yrði. Sú skoðun kom fram meðal kennara að gott væri að ákveða tíma allra þriggja fundanna í upphafi og að allir kennarar námsbrautarinnar fundi á sama tíma, jafnvel að setja þá í töflu. Nemendur sögðu hugsanlega betra að ná til þeirra með SMS-skilaboðum.

*Niðurstöður fundanna ætti að senda námsbrautarformönnum. Það væri þá skýrara hlutverk þeirra að bregðast við athugasemdum og stýra umræðu um þær á fundum námsbrautanna. Nánari tengsl þeirra við verkefnið gæfi þeim betri innsýn í námið og gæti styrkt þá í starfi sínu sem stjórnendur.

*Fram kom það sjónarmið að betur færi á að allir fastir kennarar deildarinnar hefðu einn hóp en ekki einungis þeir sem gáfu kost á sér. Þetta þarf að ræða á deildarfundum, kosti og galla.

*Fundum með nemendum á 2. og 3. ári um mitt haustmisseri væri gagnlegt að festa í sessi. Æskilegt er að formaður námsbrautar sitji fundina ásamt einum kennar sem gæti stýrt fundi.

Náms- og starfsráðgjöf

Verkefnið hófst með því að fulltrúar frá NSHÍ komu á deildarfund þar sem rætt var um verkefnið í heild, helstu áskoranir nemenda sem eru að hefja nám við HÍ og aðkomu NSHÍ. Jafnframt var bent á að hvenær sem er mætti auka formlega aðkomu NSHÍ að verkefninu ef kennarnir teldu þörf á því. Verkefnisstjóri, í samvinnu við náms- og starfsráðgjafa, setti saman einblöðung með helstu upplýsingum sem gagnast gætu nemendum á fyrsta ári og spurningum sem akademísku ráðgjafarnir voru hvattir til að ræða við sína hópa. Jafnframt var ákveðið að Lýdía Kristín Sigurðardóttir frá NSHÍ myndi taka á móti nemendum í viðtöl í fundarherbergi bókasafnsins í Stakkahlíð á fimmtudögum fyrir hádegi. Tímapantanir sendu nemendur með tölvupósti til hennar. Rétt er að geta þess að þjónusta NSHÍ í Stakkahlíð var opin öllum nemendum MVS.

Niðurstaða

Náms- og starfsráðgjöfin stóð nemendum til boða í 12 vikur á hvoru misseri. Á haustmisseri voru bókuð 28 viðtöl og mættu 23. Á vormisseri voru 32 bókaðir og allir mættu. Samstarfið við bókasafnið gekk vel og var almenn ánægja með að fá þjónustuna í Stakkahlíð. Fyrirkomulag við bókanir gekk vel en ekki komust allir að sem vildu í staðlotum. Það reyndist erfitt að ná til nemenda til að vekja athygli þeirra á þjónustunni.

MENNTAVÍSINDASVIÐ

Næstu skref

*Leita þarf allra leiða til að bjóða þjónustu NSHÍ fyrir alla nemendur í Stakkahlíð til frambúðar. Auk þess væri æskilegt er að viðvera NSHÍ yrði allan daginn þegar staðlotur eru.

*Mikilvægt er að hefja verkefnið að hausti með aðkomu NSHÍ eins og gert var.

*Það tók lengri tíma en fyrirhugað var að koma til nemenda upplýsingum um að þeir gæti hitt náms- og starfsráðgjafa í Stakkahlíð. Ýmsar leiðir eru færar til að bæta úr því. Einföld leið væri að koma strax í upphafi á markvissara samstarfi við nemendafélögin en einnig er líklegt að kynning á þjónustunni myndi skila sér betur sem tilkynning í gegnum tiltekin námskeið á námsbrautum. Það styður þá hugmynd að tengja verkefnið inngangsnámskeiðum deildarinnar.

Verkefnisstjóri

Verkefnisstjóra var falið að setja saman heildarskipulag fyrir verkefnið, skipta nemendum í hópa, ákveða á hvaða tímabili heppilegast væri að kennararnir hittu sína hópa, safna saman fundargerðum frá kennurum, koma ábendingum áleiðis eftir því sem við átti og skrifa lokaskýrslu um helstu niðurstöður þar sem jafnframt væri lagt mat á verkefnið.

Ýmsar hugmyndir voru ræddar um mat á verkefninu. Niðurstaðan var að flest sjónarmið mætti fá fram með því að spyrja nemendur á síðari fundi haustmisseris hvað þeim þætti um verkefnið. Almenn voru nemendur ánægðir með það og töldu það veita þeim stuðning við námið. Kennararnir sem tóku þátt í verkefninu skiluðu stutttri umsögn um þeirra sýn á verkefnið og töldu þeir einnig að verkefnið væri mikilvægt og vildu að því yrði haldið áfram. Þeir bentu á nokkra þætti sem mætti bæta eða útfæra öðruvísi og hefur verið gerð grein fyrir þeim athugasemdum í þessari samantekt.

Niðurstaða

Það er mikilvægur stuðningur við nýjung, eins og þetta verkefni, að hafa verkefnisstjóra í upphafi til að finna því heppilegan farveg. Þegar fyrir liggur að verkefnið er talið ná markmiðum sínum þarf að skoða hvort hægt er að fella það að reglubundnum störfum deildarinnar. Það fyrirkomulag sem komið var á með hópaskiptingar, tímasetningar funda og leiðbeiningar fyrir fundi er nú hægt að nota aftur á næsta skólaári. Það gæti stutt það að verkefnið festist í sessi til framtíðar að fela deildarforseta og formönnum námsbrauta aukna aðkomu t.d. með því að þeir sjái um utanumhald verkefnisins. Hluta af því sem verkefnisstjóri gerði má nota aftur og uppfæra. Reynslan sýndi einnig að það gæti styrkt verkefnið ef námsbrautarformenn tækju á móti fundargerðum kennara sinna námsbrauta, færu yfir niðurstöður á námsbrautarfundum eftir því sem við á eða kæmu málum í farveg.

Áætlað var í upphafi að koma á stjórn fyrir verkefnið. Í henni áttu að sitja forseti deildarinnar, námsbrautarformenn, verkefnisstjóri og tveir nemendur. Stjórnin var ekki formlega skipuð og kom aldrei saman. Það er mat verkefnisstjóra að sérstök stjórn fyrir verkefnið sé óþörf.

MENNTAVÍSINDASVIÐ

Næstu skref

Á næsta misseri mætti fela forseta deildarinnar ábyrgð á verkefninu. Hann gæti þá skipulagt þann þátt verkefnisins sem allir í deildinni koma að, svo sem að samræma tímasetningar funda og ákveða á hvaða fundum deildarinnar niðurstöður verða ræddar. Síðan gæti hann falið námsbrautarformönnum þremur að stýra framkvæmdinni, hver í sinni deild. Í því felst að skipta í hópa, fá kennara til taka að sér hópa, safna saman fundargerðum og fara yfir niðurstöður á fundum, auk þess að bregðast við niðurstöðum eftir því sem við á. Með þessu myndi verkefnið færast nær námsbrautarformönnum og styrkja eignarhald þeirra í öllu ferlinu.

Fjármál

Í upphafi var ákveðið að greiða NSHÍ 250.000 fyrir þeirra aðkomu að verkefninu sem var og gert.

Þeir kennarar sem tóku að sér hlutverk akademískra ráðgjafa fengu greiddar 4.000 fyrir hvern nemanda í hópnum á hvoru misseri. Alls voru greiddar 1.188.000 til kennara.

Í umsókn um styrkinn var gert ráð fyrir greiðslu til verkefnisstjóra og er hún áætluð 500.000 en mun þó ekki verða greidd fyrr en fyrir liggur hvernig verkefninu verður hagað á næsta misseri.

Næstu skref

Áætlað er að á næsta skólaári verði verkefnið unnið aftur og nýtt það fjármagn sem eftir er. Við skipulag þess verður horft til þeirra athugasemda sem hér eru settar fram.